

A 1800/vekst

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um reglur um ríkisstyrki á Norðurlöndum**Tillögur**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún endurskoði veitingu ríkisstyrkja á Norðurlöndum í því skyni að koma á aukinni samhæfingu og sameiginlegu verklagi.

Forsaga

Reglur um ríkisstyrki eru snar þáttur reglna um innri markað Evrópusambandsins. Samkvæmt norsku EES-rannsókninni (NOU 2012:2) hafa reglur um ríkisstyrki haft meira vægi en ætlað var, fyrst á sviði orkumála (orkuverð, endurheimt ríkis á réttindum og eignum, gas o.fl.) en síðar þjónustu, til að byrja með í einkageiranum (innstæðutryggingin, áfengi, útvarp og sjónvarp, spilastarfsemi o.fl.) og síðar á sviði skatta- og velferðarmála (sjúkrahúsapótek, mismunandi launatengd gjöld eftir byggðarlögum, námsfög í framhaldsskólum, sjúkrahúseldhús, mótuneyti, opinber bílastæði). Þess er einnig getið í opinberri úttekt að dægradvöl og leikskólar gætu verið næst í röðinni.

Fyrirætlun okkar með endurskoðun á reglunum er tvíþætt:

- Að beina kastljósi að því svigrúmi til athafna sem reglurnar veita og reyna þannig að koma í veg fyrir að þær leiði til inngripa í skipan mála hjá sveitarfélögum og hinu opinbera að öðru leyti og vinni þar með gegn markmiðum sínum.
- Að koma í veg fyrir smámunaleg afskipti sem grafa undan EES-samningnum.

Vandinn getur falist í að stjórnsýslan láti ekki reyna á athafnafrelsið, að hún á köflum gangi í lið með ESB/ESA til að spara sér fyrirhöfn og aga stjórnámálamennina (fjárlög og of mikil ábyrgð ríkis og umsvif).

Vandinn eykst vegna þess að þjónusta ryður sér æ meira til rúms í opinberum rekstri og hreinræktuð ríkisumsvif eru meiri á Norðurlöndum en annars staðar. Þar stendur stjórnsýslan einnig nær einkarekstrinum. Starfsemin dregur dóm af ófullnægjandi upplýsingum um og eftirliti með ferli viðfangsefnanna.



Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði leggja því til að veiting ríkisstyrkja á Norðurlöndum verði endurskoðuð í því skyni að koma á aukinni samhæfingu og sameiginlegu verklagi. Í þeirri endurskoðun ber að:

1. Lýsa málum sem hafa verið höfðuð á hendur stjórnvöldum annað hvort af hálfu eftirlitsstofnana (ESB/ESA) eða fyrir dómstólum á Norðurlöndum vegna reglna um ríkisstyrki (hugsanlega einnig kvörtunum/erindum ESB/ESA án þess að til málshöfðunar hafi komið).
2. Lýsa hvernig stjórnvöld hafa uppfyllt kvaðir og aðrar afleiðingar reglnanna.
3. Lýsa hvernig ráðuneyti, þjóðþing og ef til vill dómstólar starfa til að koma í veg fyrir ágreiningsmál.
4. Lýsa hvernig stjórnvöld í löndunum upplýsa og fræða fyrirtæki og stofnanir í opinberum rekstri og stjórnámálum í skilningi og beitingu á reglunum á uppbyggilegan hátt. Skýra verður svigrúmið til athafna.
5. Lýsa rannsóknar- og greiningarstarfi á Norðurlöndum vegna áhrifa ESB/EES og hugsanlega annarra alþjóðareglna um ríkisstyrki.

Auglýsa ber verkefnið þannig að til standi að ríða norrænt samstarfsnet (á borð við NordMod) með þátttöku að minnsta kosti þriggja en helst fjögurra til fimm landa.

Reykjavík, 22. janúar 2019

Ingalill Olsen (A)
Jorodd Asphjell (A)
Martin Kolberg (A)

Nina Sandberg (A)
Ruth Grung (A)
Stein Erik Lauvås (A)